

Mál nr. 39/2014**M og
V v/kaskótryggingar ökutækisins X.****Ætlað tjón á sjálfskiptingu vegna útafaksturs 30. nóvember 2012.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 31. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. febrúar 2014 ásamt gögnum.
3. Tölvupóstur M dags. 28. febrúar 2014.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M ók bifreiðinni X út af vegi í Lundaskógi í Fnjóskadal þann 30. nóvember 2012. Skemmdir urðu á bifreiðinni og samþykkti V að greiða bætur á grundvelli útafaksturs í skilningi kaskótryggingar bifreiðarinnar. Ágreiningur stendur um hvort það hafi orðið tjón á sjálfskiptingu bifreiðarinnar við áðurnefndan útafakstur.

M telur að tjón á sjálfskiptingu hafi ekki getað komið fram öðruvísi en við umrætt tjónsatvik. Bifreiðin hafi hallað mikið og verið lengi eftir útafaksturinn í „drive“ við þær aðstæður að hann stóð ekki í öll hjólin. M telur að tjón á sjálfskiptingunni megi rekja til að hægra framhjóli hafi verið á loft og snúist í nokkurn tíma og þess vegna hafi sjálfskiptingin misst þrýsting og gleypst loft sem hafi leitt til tjónsins. M leggur einnig áherslu á að nýlega hafi sjálfskipting bifreiðarinnar verið uppgerð og bifreiðinni ekki ekið nema um 4000 km eftir það.

V vísar til álits sérfræðings sem V fékk til að meta ástand sjálfskiptingarinnar eftir útafaksturinn og er álit hans á meðal gagna málsins. Sá sérfræðingur telur mjög litlar líkur á að sjálfskiptingin hafi skemmt við umrætt tjónsatvik í ljósi þess að slit á diskum í skiptingunni sé miklu mun líklegra til að koma fram á lengri tíma. Einnig vísar V til þess að ekki liggi fyrir gögn um með hvaða hætti sjálfskipting hafi verið uppgerð áður en tjónsatvikið varð. Að lokum vísar V til þess að ef upplýsingar frá V séu réttar varðandi það að sjálfskipting hafi verið uppgerð nokkru áður sé líklegt að eitthvað hafi amað að og að það sé því alveg eins það sem geti hafa orsakað bilun í sjálfskiptingu nú. V telur því ósannað að bilun í sjálfskiptingu hafi komið til vegna útafaksturs.

Álit.

Þegar ágreiningur er um hvort orsakatengsl séu á milli tjónsatviks og tiltekinnar bilunar verður vátryggingartaki að sýna fram á að meiri líkur en minni séu á því að þá bilun sé hægt að rekja til tjónsatviksins. Í málinu liggja fyrir annars vegar ályktun M og hins vegar ályktun V sem byggð er á mati sérfræðings í sjálfskiptingum og bifvélaþvirkjameistara. Þegar gögn málsins eru skoðuð í heild telst ekki nægilega sýnt fram á að tjón á sjálfskiptingu hafi orðið við útafakstur bifreiðarinnar X. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og á því ekki rétt á bótum fyrir þann hluta tjónsins úr kaskótryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 18. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.